

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri Templarasundi 5
150 REYKJAVÍK



Reykjavík, þriðjudagur, 1. júlí 2025
Tilvísun: 2024090054/07

Efni: Viðbrögð Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistunar Stuðla við ábendingum og tilmælum frá umboðsmanni Alþingis í OPCAT-skýrslu

Barna- og fjölskyldustofa (hér eftir BOFS) vísar til fyrri samskipta við skrifstofu umboðsmanns Alþingis í kjölfar skýrslu vegna heimsóknar starfsmanna embættisins á neyðarvistun Stuðla í Fossaleyni. Umrædd skýrsla er úttekt embættisins á grundvelli OPCAT-eftirlits. Skýrslan var gefin út þann 16. desember 2024 og þann sama dag óskaði umboðsmaður eftir því að vera upplýstur um viðbrögð neyðarvistunar Stuðla og Barna- og fjölskyldustofu við þeim ábendingum og tilmælum sem settar eru fram í skýrslunni og þær aðgerðir sem talið hafi verið tilefni til að ráðast í vegna skýrslunnar. Óskað var eftir því að svörin bærust skrifstofu umboðsmanns eigi síðar en 1. júlí 2025.

Frá því að BOFS tók til starfa þann 1. janúar 2022 hefur verið unnið markvist að því að bæta verkferla og skráningu á Stuðlum. Horft var til þess að skráningin yrði bæði aðgengileg fyrir starfsfólk og að skráningarformið yrði til þess fallið að skráningin væri nákvæm og í samræmi við lagalegar kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Á innleiðingartímanum hefur verið brugðist við ábendingum sem borist hafa frá starfsfólki og eftirlitsaðilum. BOFS horfir nú til þess að auka við innra eftirlit stofnunarinnar með skráningu ákvarðana og atvika inn á Stuðlum og auka við innra eftirlit með eftirfylgni gildandi verkferla. Þá er jafnt og þétt verið að uppfæra og bæta við handbók meðferðarheimila til að bæta ferla og skýra verklag.

Hér að neðan er gerð grein fyrir viðbrögðum Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistunar Stuðla við tilmælum og ábendingum frá umboðsmanni Alþingis sem fram koma í skýrslunni.

Kafli 4 – Neyðarvistun á Stuðlum, bls. 13-15

Í 4. kafla skýrslunnar eru ítrekuð eftirfarandi tilmæli sem varða lengd vistunar á neyðarvistun:

Bls. 15

Þau tilmæli eru ítrekuð úr fyrri skýrslu að Barna- og fjölskyldustofa og neyðarvistun Stuðla leitist við að tryggja, eftir atvikum í samráði við mennta- og barnamálaráðuneytið, að frelsissvipting barna sem eru vistuð á neyðarvistun verði ekki lengri en leyfileg hámarksvistun samkvæmt barnaverndarlögum, það er umfram 14 daga. Í því felst að komið verði í veg fyrir að börn séu vistuð án viðhlítandi heimildar.

Svar: Barna- og fjölskyldustofa tekur undir að mikilvægt sé að barnaverndarþjónustur virði vistunartíma skjólstæðinga. Sá háttur hefur verið tekinn upp að þegar fyrirséð er að skjólstæðingur verði ekki sóttur áður en að hámarksvistunartíma er náð er það tilkynnt viðkomandi barnaverndarþjónustu og þess farið á leit að barnið verði sótt. Neiti barnaverndarþjónustan að sækja skjólstæðing eða ber fyrir sig að þeir geti ekki sótt skjólstæðing skal upplýsa barnaverndarþjónustu um að málið verði tilkynnt til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og einnig til forsjáraðila. Skrá á samskiptin í skráningarforrit þannig að hægt sé að rekja samskiptin sem átt hafa sér stað við barnaverndarþjónustu og/eða forsjáraðila. Verið er að gera skriflegt verklag um þetta vinnulag.

Kaflí 5 – Þvingun, valdbeiting og takmarkanir á frelsi og friðhelgi, bls. 16-27

Ábendingar og tilmæli sem varða lagalegan grundvöll og framkvæmd þvingunaraðgerða ásamt myndvöktun

Bl. 18

Þeirri ábendingu er komið á framfæri við Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistun Stuðla að ljúka við endurskoðun reglna um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum.

Svar: Reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barna- og fjölskyldustofu hafa verið endurskoðaðar og uppfærðar, m.a. með tilliti til þess sem fram hefur komið í fyrri OPCAT-skýrslum. Reglurnar voru síðast uppfærðar í janúar 2025 og eru meðfylgjandi. Barna- og fjölskyldustofa hefur tekið saman efnið í drög að reglugerð um réttindi barna og beitingu þvingunar á grundvelli 2. mgr. 82. gr. barnaverndarlaga sem send voru mennta- og barnamálaráðuneytinu í mars sl.

Bl. 19

1. Þeirri ábendingu er komið á framfæri við neyðarvistun Stuðla að framfylgja verklagsreglum um að líkamsleit skuli ávallt framkvæmd af tveimur starfsmönnum.

Svar: Barna- og fjölskyldustofa og neyðarvistun Stuðla tekur undir mikilvægi þess að líkamsleit skuli ávallt framkvæmd af tveimur starfsmönnum og mun fylgja því eftir að leit sé ávallt framkvæmd í samræmi við verklag.

2. Ítrekuð eru tilmæli til Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistunar Stuðla úr fyrri skýrslu á þá leið að ákvarðanir sem fela í sér hvers konar inn grip í friðhelgi einkalífs barna, svo sem leit í munni, þurfi ávallt að byggjast á lagastoð og framkvæmd slíkra ákvarðana að vera í samræmi við ákvæði 82. gr. barnaverndarlaga, stjórnarskrá og mannréttindasjónarmið.

Svar: Reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum taka mið af þessu. Samkvæmt reglunum eru ákvarðanir sem fela í sér hvers konar inn grip í friðhelgi einkalífs barna þvingun. Í reglunum koma fram leiðbeinandi viðmið um beitingu þvingunar og þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt með tilliti til þess sem kemur fram í 82. gr. barnaverndarlaga,

stjórnarskrá og almennum mannréttindasjónarmiðum. Þá hefur starfsfólk fengið fræðslu um réttindi barna á meðferðarheimilum og beitingu þvingunar.

Bls. 20

Sú ábending er áréttuð við neyðarvistun Stuðla að leit í munni barns er almennt ekki heimil nema tilefni sé til og má ekki ganga lengra en nauðsyn ber til.

Svar: Leit í munnholi er stjórnvaldsákvörðun og þvingun samkvæmt reglum Barna- og fjölskyldustofu og samkvæmt því er einungis heimilt að leita í munni að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og þá að teknu tilliti til meðalhöfs. Það hefur ekki verið fastur hluti verklags að skoða í munnhol skjólstæðinga eftir lyfjagjöf. Slíkt er gert gagnvart skjólstæðingum sem metnir eru í hættu á að misnota lyf eða koma þeim undan og fer fram mat í hvert skipti hvort þörf sé á leit í munnholi. Öll líkamsleit, m.a. leit í munnholi, skal vera rökstudd og skráð með fullnægjandi hætti í skráningaforrit. Farið verður betur yfir það með starfsfólki að leit í munnholi sé þvingun sem einungis sé heimilt að framkvæma að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og skrá þurfi hana sérstaklega í skráningarforrit.

Bls. 21

1. Þeim tilmælum er beint til neyðarvistunar Stuðla að gæta þess að beita ekki vistun í öryggisrými nema undir viðhlítandi eftirliti, líkt og verklagsreglur kveða á um, einkum í ljósi hættu á sjálfsskaða.

Svar: Um miðjan apríl 2025 voru tvö ný öryggisrými tekin í notkun á Stuðlum. Aðbúnaður í þeim herbergjum tók mið af fyrri ábendingum OPCAT-eftirlits. Á herbergishurðum eru rúður svo hægt sé að fylgjast með skjólstæðingum en einnig er myndefirlit mögulegt í rýmum ef það er metið nauðsynlegt.

2. Þeirri ábendingu er komið á framfæri við neyðarvistun Stuðla að hverfa frá þeirri framkvæmd að nýta öryggisrými deildarinnar sem vistunarrými nema brýn nauðsyn krefji, svo sem ef önnur herbergi neyðarvistunar eru upptekin eða ef ástand barns hefur sérstaklega verið metið með þeim hætti að vistun þess í öðrum rýmum komi ekki til greina af öryggisástæðum.

Svar: Öryggisrými deildarinnar er einungis notað sem vistunarrými ef brýna nauðsyn krefur eða öll önnur vistunarrými upptekin. Ef myndavélavöktun er ekki nauðsynleg er lokað fyrir myndavélina þegar barn fer í herbergið.

3. Þeim tilmælum er komið á framfæri við neyðarvistun Stuðla að fylgja verklagi um skráningu gátar í dagbók. Þess skal gætt að taka fram um hvers kyns gát var að ræða og hve lengi hún stóð yfir.

Svar: Gát er stjórnvaldsákvörðun og þvingun samkvæmt reglum Barna- og fjölskyldustofu um réttindi barna og bann við beitingu þvingunar á meðferðarheimilum. Starfsfólk neyðarvistunar er upplýst um að gát sé þvingandi aðgerð sem eingöngu er heimil að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og að fylgja beri því verklagi sem fram kemur í fyrrnefndum reglum. Líkt og alltaf þegar þvingun er beitt skal útbúa skýrslu í skráningaforriti þar sem m.a. er skráð tegund

þvingunar og lengd þvingunar. Skráningaforrit gerir sérstaklega ráð fyrir gát sem þvingandi aðgerð. Gætt verður að því að sameiginlegur skilningur sé á gát hjá starfsfólki og skráning verði samræmd og skýr.

Bls. 22

Þeim tilmælum er beint til Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistunar Stuðla að endurskoða framkvæmd í tengslum við símtöl svo tryggt sé að börn eigi kost á að tala í síma við nána aðstandendur, Barna- og fjölskyldustofu, starfsmenn barnaverndar, umboðsmann Alþingis, lögmenn eða talsmenn sína í einrúmi nema veigamikil rök mæli gegn því.

Svar: Fyrirkomulaginu í tengslum við símtöl hefur verið breytt. Frá árslokum 2024 hefur fyrirkomulag símtala skjólstæðinga verið með þeim hætti að þeim er afhentur ókeypis sími eða ókeypis heyrnartól og fær skjólstæðingurinn að tala í síma í lokuðu herbergi eða á öðrum stað þar sem starfsfólk heyrir ekki hvað fram fer.

Bls. 23

Þeim ábendingum er komið á framfæri við Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistun Stuðla:

- Að framfylgja reglum um að starfsmaður taki ekki þátt í valdbeitingu einn síns liðs nema í ítrustu neyð.
- Að tryggja áfram að forstöðumaður taki alla jafna ekki beinan þátt í valdbeitingu.
- Að leita leiða til þess að börn og starfsfólk sem tekið hefur þátt í valdbeitingu eigi ávallt kost á viðrunarfundi í kjölfar slíkra atvika.
- Að endurskoða verklag í tengslum við valdbeitingu með það að leiðarljósi að barni sé tryggð læknisskoðun ef áverkar hljótast af henni.

Svar: Barna- og fjölskyldustofa mun gæta þess enn frekar að framfylgt verði reglum um að starfsmaður taki ekki þátt í valdbeitingu einn síns liðs nema í ítrustu neyð og að forstöðumaður taki allra jafna ekki beinan þátt í valdbeitingu. Almenn er boðið upp á viðrunarfundi í kjölfar valdbeitingar en verður því bætt inn í verklag. Ef skjólstæðingur meiðist við valdbeitingu þá ber starfsfólki að kalla eftir lækni eða flytja viðkomandi á heilbrigðisstofnun en BOFS tekur undir að mikilvægt er að því verði bætt inn í verklag. Líkt og fram hefur komið er yfirstandandi vinna við heilbrigðisráðuneytið um heilbrigðisþjónustu á Stuðlum.

Bls. 27

1. Þeim tilmælum er beint til neyðarvistunar Stuðla:

- Að koma fyrir merkingum um myndvöktun á vöktuðum svæðum neyðarvistunar í samræmi við reglur nr. 50/2023, um rafræna vöktun.

Svar: Merkingum um myndvöktun hefur verið komið fyrir í neyðarvistun.

- Að tilkynna börnum sem vistast á deildinni með sannanlegum hætti um myndvöktun í tilteknum rýmum neyðarvistunar og veita þeim viðeigandi

upplýsingar í samræmi við áskilnað 12. og 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 á skýru og einföldu máli.

Svar: Í bæklingi um neyðarvistun kemur nú fram að í almennum rýmum deildarinnar fari fram myndvöktun sem og að í öryggisherbergjum deildarinnar sé slíkt eftirlit mögulegt. Bæklingurinn er meðfylgjandi.

- Að vista börn ekki í herbergi þar sem myndvöktun er viðhöfð nema brýna nauðsyn beri til. Í því sambandi er nauðsynlegt að fyrir hendi sé búnaður sem hægt er að slökkva á eða jafnvel fjarlægja þegar herbergið er notað sem einkaherbergi barns.

Svar: Ráðist var í endurbætur á deildinni til þess að flýta fyrir lokun starfseminnar í Flatahrauni. Nú er gert ráð fyrir að slökkva megi með einföldum hætti á myndavélum í öryggisherbergjum. Framkvæmdaraðilar eru að skoða lausnir þannig að auðvelt sé að slökkva á myndavélunum og koma fyrir ljósi sem gefur til kynna þegar myndvöktun er viðhöfð. Það hefur enn ekki komið til framkvæmda en starfsfólk hylur myndavélar með límbandi þegar ekki er viðeigandi að viðhafa myndeftirlit í herbergjunum.

2. Þeim tilmælum er jafnframt beint til Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistunar Stuðla að skýra verklag um eyðingu myndefnis til þess að gögn sem kunna að hafa þýðingu, til dæmis við rannsókn alvarlegra atvika, fari ekki forgörðum.

Svar: Í gildi er verklag um rafræna vöktun frá 19. desember 2024. Í verklaginu kemur fram að sé tilefni til að skoða upptökur eða vista upptökur óski forstöðumaður eftir heimild til framkvæmdastjórnar sem tekur málið til skoðunar útfrá hagsmunum allra sem að málinu koma. Verklagið er meðfylgjandi.

3. Loks er þeirri ábendingu komið á framfæri við neyðarvistun Stuðla að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að myndefni úr vöktun sé sýnilegt öðrum en starfsfólki.

Svar: Eftir bruna á neyðarvistun Stuðla í október 2024 var vaktrými deildarinnar flutt. Eingöngu starfsfólk á að hafa aðgang að því rými og fer þar fram vöktun á myndefni. Þá miða allar hugmyndir um endurbyggingu deildarinnar einnig að því að vaktrými verði aðeins aðgengilegt starfsfólki og þar með streymi úr öryggismyndavélum.

Kafli 6 – Umhverfi og aðbúnaður, bls. 28-37

Ábendingar og tilmæli sem varða aðbúnað og öryggi

Bls. 32

Þeim ábendingum er komið á framfæri við neyðarvistun Stuðla:

- Að halda áfram þeirri vinnu sem hafin er við að gera umhverfi á neyðarvistun heimilislegra og barnvænna.

- Að fylgja eftir áformum um að gera nauðsynlegar úrbætur á herbergjum á þeim gangi neyðarvistunar sem að jafnaði hýsir stúlkur.
- Að leita leiða til að gera salerni í aðalrými deildarinnar vistlegri.

Svar: í hönnunarvinnu tengt uppbyggingu eftir brunan á Stuðlum er verið að reyna að mæta þessu eins og kostur er. Lagt er upp með áfallamiðaðri hönnun (trauma sensitive design). Til þessa hefur verið reynt eftir fremsta megni að hafa í huga að umhverfið sé eins hlýlegt og kostur er, án þess þó að það bitni á öryggi. Jafnvægi þarna á milli er flókið. Til bráðabirgða voru tvö vistrými tekin til notkunar og þar var kapp lagt á að t.d hurðir væru úr tré í stað stálhurða, litaval á veggjum var t.a.m. útfrá fræðum áfallamiðaðrar hönnunar. Í samstarfi Barna- og fjölskyldustofu, Framkvæmdasýslu-Ríkiseigna og hönnuða er gert allt til að mæta kröfum um hlýleika og öryggi.

Bls. 35

Þeirri ábendingu er komið á framfæri við neyðarvistun Stuðla að huga að nauðsynlegu viðhaldi á útisvæði deildarinnar.

Svar: Tekið er undir að mikilvægt sé að nauðsynlegu viðhaldi sé sinnt á útisvæði deildarinnar. Neyðarvistun Stuðla sinnir almennu viðhaldi og ef þörf er á frekari viðhaldi er lögð fram beiðni til Framkvæmdasýslu-Ríkiseigna.

Bls. 36

Þeirri ábendingu er komið á framfæri við Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistun Stuðla að leita leiða til þess að tryggja að börn sem tekið er á móti á neyðarvistuninni séu ekki í auglýsni annarra en þeirra starfsmanna sem þurfa að sinna þeim við komuna.

Svar: Í allri hönnunarvinnu í tengslum við endurbyggingu deildarinnar hefur verið lögð áhersla á að börn sem tekið er á móti á neyðarvistun séu ekki í auglýsni annarra en þeirra starfsmanna sem þurfa að sinna þeim við komuna, t.d. með skjólvegg eða skýli. Fram að þeim framkvæmdum er reynt eins og unnt er núna að gæta að friðhelgi barna sem koma á Stuðla.

Bls. 37

1. Þeirri ábendingu er komið á framfæri við Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistun Stuðla að taka til skoðunar hvort unnt sé að bæta öryggi í herbergi 1 með því að fjarlægja eða endurnýja húsgögn sem hafa hvassar brúnir.

Svar: Herbergi 1 er ekki lengur í notkun. Við framkvæmdir á núverandi öryggisherbergjum deildarinnar hefur verið tekið tillit til þessa að hafa ekki hvassar brúnir á húsgögnum.

2. Þeirri ábendingu er komið á framfæri við neyðarvistun Stuðla að ganga úr skugga um að persónuupplýsingar um neyðarvistuð börn séu ekki sýnilegar öðrum en starfsfólki.

Svar: Skjólstæðingar hafa ekki lengur aðgengi að vaktrými líkt og var áður. Persónuupplýsingar um skjólstæðinga deildarinnar er nú einungis að finna á lokuðum skrifstofum og í vaktrými sem einungis starfsmenn hafa aðgengi að.

Kafli 7 – Virkni, bls. 38-39

Ábendingar og tilmæli sem varða virkni og afþreyingu

Bls. 38

Þeirri ábendingu er komið á framfæri við Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistun Stuðla að leita leiða til þess að börn sem þar vistast verði ekki af daglegri útiveru vegna manneklu.

Svar: Skjólstæðingar deildarinnar hafa alltaf átt kost á að komast daglega undir bert loft á útisvæði deildarinnar og verður það svo áfram. Aftur á móti hefur ekki alltaf verið hægt eða þótt ráðlegt að fara með skjólstæðinga út úr húsinu ýmist vegna manneklu eða mats á ástandi viðkomandi. Kappkostað er að skjólstæðingar eigi kost á útivist óháð mönnun á deildinni.

Bls. 39

Ítrekuð er ábending úr fyrri skýrslu til Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistunar Stuðla að taka til skoðunar og meta hvort sú afþreying sem börnum stendur þar til boða taki með fullnægjandi hætti mið af þörfum þeirra og leita leiða til að bæta þar úr, innan þeirra marka sem húsnæði og eðli starfseminnar leyfir.

Svar: Barna- og fjölskyldustofa tekur undir að mikilvægt sé að skjólstæðingum sé boðið upp á afþreyingu sem taki mið af þörfum þeirra og leitast við því eins og kostur er. Skjólstæðingar geta farið í íþróttasal, listherbergi og rými með ýmsum hljóðfærum þegar möguleiki er á. Ásamt því að skjólstæðingar fá að vera með starfsfólki í eldhúsinu og aðstoða við matseld eða bakstur. Þá hefur kennari sinnt þeim skjólstæðingum sem vistast lengur á deildinni þegar skjólstæðingar hafa sýnt áhuga á námi. Við breytingu á húsnæði Stuðla verður leitast við að auka möguleika barna á afþreyingu.

Kafli 8 – Heilbrigðisþjónusta, bls. 40-43

Tilmæli sem varða heilsufarsskoðun

Bls. 41

Þeim tilmælum er beint til mennta- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra, eftir atvikum með aðkomu Barna- og fjölskyldustofu og neyðarvistunar Stuðla, að huga að lausn til þess að börnum sem vistast á neyðarvistun sé tryggt almennt heilsufarsskoðun við komuna á Stuðla.

Svar: Nú stendur yfir þarfagreining vegna heilbrigðisþjónustu á neyðarvistun Stuðla. Starfsfólk heilbrigðisráðuneytisins kemur að þeirri vinnu ásamt starfsfólki Barna- og fjölskyldustofu. Sú vinna miðar að því að tryggja þjónustuþegum almenna heilbrigðisskoðun skömmu eftir innskrift á deildina auk annarrar þjónustu s.s. skömmtnun lyfja og aðgang að sérfræðisþjónustu. Þessu fylgir að breytingar verður að gera á húsnæði deildarinnar og útbúa fullnægjandi skoðunarherbergi með nauðsynlegum tækjum. Gera má ráð fyrir að þjónustan tryggi daglegt innlit hjúkrunarfræðings auk bakvaktafyrirkomulags öðrum stundum.

Kafli 9 – Starfsfólk, bls. 44-45

Tilmæli sem varða starfsfólk

Bls. 45

Þeim tilmælum er beint til Barna- og fjölskyldustofu, í samvinnu við neyðarvistun Stuðla, að treysta umgjörð fræðslu og þjálfunar starfsfólks á neyðarvistun. Þá skal tryggja að nýir starfsmenn hljóti viðhlítandi þjálfun í valdbeitingu, ýmist áður en eða skömmu eftir að viðkomandi hefur störf, ásamt annars konar fræðslu um viðbrögð við ofbeldi, eftir því sem við á.

Svar: Allir starfsmenn fá þjálfun og fræðslu um áhugahvetjandi samtal, áfallamiðaða nálgun, þjálfun í valdbeitingu og öryggi. Einnig fá starfsmenn kennslu í skyndihjálp og viðbrögðum við eldsvoða svo eitthvað sé nefnt. Í apríl 2025 var haldið sérstakt nýliðanámskeið fyrir starfsfólk meðferðarheimila þar sem farið var yfir ýmsa þætti sem snúa að starfinu og áherslur starfsins kynntar.

Kaflí 10 – Skráning, bls. 46-48

Bls. 48

1. Þeim tilmælum er beint til neyðarvistunar Stuðla að gæta að skráningu um þvingunaraðgerðir, þar á meðal gát, leit í munnholi og aðra líkamsleit. Skrá þarf afstöðu barnsins til þvingunarráðstöfunar, hversu lengi inngríp eða þvingun á sér stað, hvort leiðbeiningar um kvörtunar- og kæruleiðir hafi verið veittar auk þess að tryggja að viðeigandi undirskriftir séu fyrir hendi.

Svar: Samkvæmt verklagi um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum á öll þvingun að vera skráð í skráningarforrit, m.a. ber að skrá afstöðu barnsins til þvingunarráðstöfunar, hversu lengi inngríp eða þvingun á sér stað og leiðbeiningar um kvörtunar- og kæruleiðir. Starfsmaður á að fara munnlega yfir það sem fram kemur og skrá andmæli eða athugasemdir barnsins ef einhver eru. Þegar þvingunarskýrsla hefur verið fyllt út í skráningarforriti fær starfsmaður á meðferðarsviði, sem sinnir m.a. því hlutverki að fara yfir slíkar skýrslur, strax tilkynningu og getur farið yfir skýrsluna. Eftir að sá starfsmaður hefur farið yfir skýrsluna sendir hann, ef þörf er á, athugasemdir um framkvæmd og skráningu þvingunar til deildarstjóra neyðarvistun/forstöðumanns Stuðla, til að hægt sé að bregðast við athugasemdunum og lagfæra.

2. Þeim tilmælum er beint til neyðarvistunar Stuðla að fylgja verklagi þegar þvinganir eru tilkynntar Barna- og fjölskyldustofu sem miðar að því:

- Að skýrslur berist fyrir.
- Að barn sem valdbeitingin beindist að hafi ávallt möguleika á að koma afstöðu sinni á framfæri við vinnslu þvingunarskýrslu og að hún sé skráð þar, eftir atvikum með aðstoð starfsfólks. Vilji barn ekki tjá sig um atburðinn og/eða neitar að undirrita skýrslu, skal það bókað í þvingunarskýrslu.
- Að skrá í þvingunarskýrslu hvort barnavernd og eftir atvikum forsjáraðilum hafi verið tilkynnt um valdbeitingaratvik.

Svar: Skýrslur eru aðgengilegar Barna- og fjölskyldustofu um leið og lokið hefur verið við ritun þeirra í skráningaforriti. Líkt og fram hefur komið hefur starfsmaður á meðferðarsviði Barna- og fjölskyldustofu m.a. það hlutverk að fara yfir slíkar skýrslur. Sá starfsmaður fær tilkynningu um að fyllt hafi verið út þvingunarskýrsla um leið og hún hefur verið skráð inn í skráningarforrit. Gert er ráð fyrir að skjólstæðingar sem sæta þvingun hafi færi á að tjá sig um þvingunina og upplifun sína af henni ef vilji þeirra er til þess. Er það síðan skráð í þvingunarskýrslu í skráningarforriti. Einnig er það skráð í þvingunarskýrslu ef barn vill ekki tjá sig um atburðinn eða er ósamála þeirri lýsingu á atburðinum. Gætt verður að því að skrá á í þvingunarskýrslu hvort barnavernd og eftir atvikum forsjáraðilum hafi verið tilkynnt um valdbeitingartilvik.

3. Þá er þeim tilmælum jafnframt beint til Barna- og fjölskyldustofu að brugðist sé strax við þvingunarskýrslum ef tilefni er til en að öðrum kosti gæta þess að ekki verði óhóflegur dráttur á yfirferð.

Svar: Líkt og fram hefur komið þá fær starfsmaður meðferðarsviðs, sem hefur það hlutverk að fara yfir þvingunarskýrslur, tilkynningu um leið og þvingunarskýrsla hefur verið skráð í skráningarforrit. Farið er yfir þvingunarskýrslu eins fljótt og auðið er og almennt er það gert næsta dag. Meiri áhersla er lögð á að brugðist sé strax við þvingunarskýrslum sem varða líkamlega þvingun.

4. Í samræmi við umfjöllun kaflans og umfjöllun um lyfjagjafir almennra starfsmanna í kafla 8.2 er þeirri ábendingu beint til neyðarvistunar Stuðla og Barna- og fjölskyldustofu að tryggja að lyfjaskráning sé kerfisbundin, áreiðanleg og nákvæm.

Svar: Deildarstjóri hefur upplýsingar um hvaða lyf skjólstæðingur á að fá og er það skráð í skráningarforrit inn í dagbók skjólstæðings þegar hann fær lyf. Barna- og fjölskyldustofa tekur undir að bæta þarf lyfjaskráningakerfið og er unnið að úrlausn í skráningarforriti sem meðferðarheimilin notast við. Stefnt er að því að hægt verði að skrá hvaða lyf eru gefin, magn, hvenær og af hverjum.

Kafli 11 – Upplýsingagjöf, bls. 49-50

Tilmæli sem varða upplýsingagjöf til barnanna

Bls. 50

1. Ítrekuð eru þau tilmæli úr fyrri skýrslu til neyðarvistunar Stuðla að tryggja að börnum sem þar vistast sé afhent skriflegt kynningarefni, eftir atvikum samhliða munnlegri kynningu, meðal annars um réttindi þeirra, á máli sem hæfir þroska þeirra og stöðu.

Svar: Börnum er afhentur upplýsingabæklingur þar sem m.a. er fjallað um réttindi þeirra á barnvænan hátt við komuna á neyðarvistun Stuðla eða þegar þau eru í ástandi til að taka á móti upplýsingum. Bæklingurinn er meðfylgjandi.

2. Þeirri ábendingu er komið á framfæri við Barna- og fjölskyldustofu, eftir atvikum í samvinnu við neyðarvistun Stuðla, að koma því við að

upplýsingabæklingur fyrir börn verði þýddur á ensku og eftir atvikum fleiri erlend tungumál ef þörf er talin á.

Svar: Unnið er að því að þýða bæklinginn á fleiri tungumál. Er fyrst og fremst horft til ensku, pólsku og arabísku.

Kaflí 12 – Eftirlit, kvartanir og kæruleiðir, bls. 51-55

Tilmæli sem varða eftirlit

Bls. 54

Þeim tilmælum er beint til Barna- og fjölskyldustofu að fylgja eftir áformum um að kanna með reglubundnum viðtölum upplifun barna sem vistast á neyðarvistun.

Svar: Stefnt er því að taka upp reglubundin viðtöl um upplifun barna sem vistast á neyðarvistun og verið að skoða hvaða leið sé ákjósanlegust. Mikilvægt er að fá fram upplifun skjólstæðinga af vistun á neyðarvistun og einnig mikilvægt að slíkt sé gert á sem áreiðanlegasta og skilvirkasta máta.

Kaflí 13 – Ótilkynnt heimsókn á neyðarvistun Stuðla í október 2024, bls. 56-58

Bls. 57

Þeim tilmælum er beint til neyðarvistunar Stuðla að veita eftirlitsaðilum, svo sem umboðsmanni Alþingis, og stjórnvöldum sem fara með yfirstjórn heimilisins eða hafa eftirlit með starfsemi, svo sem Barna- og fjölskyldustofu, ætíð réttar og nákvæmar upplýsingar.

Svar: Tekið er undir að mikilvægt er að eftirlitsaðilar og þeir sem fara með yfirstjórn heimilisins fái ætíð réttar og nákvæmar upplýsingar. Í framtíðinni verður kappkostað við að það endurtaki sig ekki að eftirlitsaðilar s.s. umboðsmaður Alþingis fái rangar og misvísandi upplýsingar.

Bls. 58

1. Þá er þeim tilmælum beint til Barna- og fjölskyldustofu að gæta að því framvegis að bregðast við með fullnægjandi hætti og í samræmi við eftirlitsskyldur sínar ef stofnuninni berast upplýsingar sem almennt ættu að gefa tilefni til viðbragða.

Svar: Barna- og fjölskyldustofa mun gæta þess að framvegis verði brugðist við með fullnægjandi hætti og í samræmi við eftirlitsskyldur ef stofnuninni berast upplýsingar sem ættu að gefa tilefni til frekara eftirlits og viðbragða.

2. Þeim tilmælum er beint til neyðarvistunar Stuðla og Barna- og fjölskyldustofu að tryggja skráningu, örugga geymslu og förgun vímuefna á meðferðarheimilinu með viðhlítandi verklagi þar um.

Svar: Unnið hefur verið verklag um skráningu, örugga geymslu og förgun vímuefna á meðferðarheimilum. Verklagið er meðfylgjandi.

3. Þeirri ábendingu er komið á framfæri við neyðarvistun Stuðla að gæta þess að skrá ætíð muni sem teknir eru úr fórum barna sem þar vistast á þar til gert eyðublað. Þess skal jafnframt gætt að barn undirriti eyðublaðið og að útskýring fylgi ef það vill ekki undirrita eða getur það af einhverjum ástæðum ekki.

Svar: Eyðublað sem fyllt er út þegar munir eru teknar úr fórum skjólstæðinga er meðfylgjandi. Gætt verður sérstaklega að því að skjólstæðingar undirriti eyðublaðið og útskýring fylgi ef það vill ekki undirrita eða getur það af einhverjum ástæðum ekki.

Listi yfir meðfylgjandi gögn:

- Reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barna- og fjölskyldustofu.
- Stuðlar Neyðarvistun, upplýsingabæklingur fyrir skjólstæðinga
- Rafræn vöktun (myndvöktun), dags. 19. desember 2024
- Haldlagning, leiðbeiningar, dags. 19. desember 2024.
- Tékklisti við komu á neyðarvistun.

Barna- og fjölskyldustofa veitir góðfúslega nánari upplýsinga sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Barna- og fjölskyldustofu
Ásdís S. Ásgeirsdóttir
Ásdís S. Ásgeirsdóttir

